

## FUNDARGERÐ

### aðalfundar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni 2015

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni haldinn föstudaginn 20. febrúar 2015 kl. 16.00 að Grand Hótel, Sigtúni. Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2014
4. Endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2014 ásamt fjárhagsáætlun
5. Umræður um skýrslur stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun
6. Kosning stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara
8. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn
9. Ákvörðun um árgjald félagsmanna
10. Önnur mál

**Fundarsetning. Formaður, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, setti fundinn.**

**Kosning fundarstjóra og fundarritara. Formaður bar upp tillögu um Þorbjörn Guðmundsson sem fundarstjóra og um Hallfríði Bjarnadóttur sem fundarritara. Fleiri tillögur bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin. Tóku þau þegar til starfa.**

**Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2014.** Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar og sagði að liðið starfsár, hafi verið sérstaklega viðburðarríkt. Á aðalfundi 2014 var Hrafn Magnússon kosinn til stjórnarsetu en Niels Árni varaformaður áfram og Birna Bjarnadóttir gjaldkeri.

„Ég tel að félagið þurfi að eiga góðan tekjuafgang árlega til að geta tekið þátt í rannsóknum og fylgst með þróun öldrunarmála. Einnig til að geta boðið upp á fræðslufundi og jafnvel námskeið eins og starfslokánámskeið fyrir þá félagsmenn sem hvergi eiga kost á þeim. Fræðslufundir kosta peninga og námskeið líka.

Þetta félag má ekki vera í peningalegri nauðvörn. Við eigum stórt hús sem lítið hefur verið hægt að halda við. Á því er mikil þörf. Allt þetta kallar á að skoða vel skipulag FEB.

Tekjuafgangur ársins 2013 skapaðist með greiðslu vegna þóknunar af byggingareikningi fyrir störf unnin að byggingu og umsjón með Fagrabergi upp á liðlega 3.800.000 ella hefði FEB verið í mínus. Einskiptis greiðsla“.

*Með þessum orðum kom fram að tekjuvandi FEB var mikill og árlegur sparnaður á öllum sviðum mikill. Þetta ástand leiddi til þess að stjórnin tók ákvörðun um að segja upp framkvæmdastjóranum. Við tók erfiður tími og var unnið markvisst að því að FEB ynni að velferð félagsins og næði tókum á fjármálum þess. Starfsemin var stjórn FEB efst í huga og að hún væri fyrir sem flesta aldurshópa.*

Í lok ágúst mánaðar var valinn hópur og tekin í viðtöl og úr þeim hópi var Gísli Jafetsson ráðinn til starfa hjá FEB. Gísli hefur víðtæka reynslu af félags-, fjármálum og mannauðsmálum og er því öflugur liðsmaður. Gísli hefur verið mikill haukur í horni við að koma lagi á útsendingar og annað sem hefur hrjáð tölvukerfið. Heimasíðan er miklu virkari og úrsendingar öflugar. Gísli á sérstaklega gott með að vinna með fólki og er leitun að manni með hans hæfileika. Þekking hans er gríðarleg og mikilvæg fyrir Félag eldri borgara í Reykjavík. Svo mikilvæg að félagið getur engan veginn án hans verið! Rætt var við fólk í öllu félagsstarfi FEB um meiri sjálfbærni og jafnframt um að gjöld til FEB yrðu lagfærð. Flestir voru tilbúnir til að koma að þessum áherslubreytingum. Hópurinn sem hefur séð um Bridge taldi að sú hækkun p.r. mann væri of mikil og þau fluttu sig til Bridgesambandssins en greiða þar fyrir aðstöðu það sama og lagt var til hér.

En smá saman komu inn ný verkefni og jók það umsvif FEB s.s. spjaldtölvukennsla, ljóðahópur byrjaði og margir fræðslufundir haldnir. Nokkurt flökt hefur verið á aðsókn að dansi en nú hafa bæst við dansstaðir víðar í borginni svo samkeppni harðnar. Hafin er dans að nýju og vel sótt.

Stjórn FEB hefur lagt mikla áherslu á að halda áfram að veita Reykjavíkurborg aðhald þar sem svo mörg hagsmunamál eldri borgara eru nátengd sviðum Reykjavíkurborgar. Samstarf hefur verið gott og mörg ný mál verið tekin fyrir. Þjónustuhópur aldraðra átti 6 fundi á s.l. ári og var unnið stefnumótunarplagg til borgaryfirvalda út frá stefnu til ársins 2017. Þar er gert ráð fyrir að sérstök verkefni verði skoðuð umfram önnur á árinu 2015. Nýlegur fundur á Velferðarsviði með fulltrúum félags- og þjónustumiðstöðva var gagnlegur og má ætla að skili einhverju. Einnig hefur verið farið yfir akstursþjónustu aldraðra sem hefur gengið brösuglega í nýju kerfi.

Bent hefur verið á að sameiginlegt verkefni sé að fækka slysum í heimahúsum með forvarnarstarfi og fræðslu. Þá hefur Öldungaráðið loks verið staðfest og á FEB 2 fulltrúa í því. Einnig er aðildarumsókn um aðgengi að „Age friendly city“ komin í farveg.

Eins og sagt var frá á síðast ári þá var leitað til FEB vegna manndæsmarkmiða við matargerð hjá Reykjavíkurborgarmötuneytinu. Nú hefur bæði verið gerð úttekt á matnum og skoðanakönnun meðal notenda og í báðum tilvikum kemur fram að þarna má bæta verulega.

Fjölgun félagsmanna sjáum við að hefur viðvarandi umræða á undanförunum árum. Nú er komin sú stóra stund að félagsmenn eru komnir yfir 9000 og er þar mörgum um að þakka og ekki síst nýjum gæðatilboðum til félagsmanna sem hafa verið vel kynnt. Yngra fólk er líka að koma til liðs við FEB ekki síst vegna góðra afsláttarkjara. Félagstarfssemin hefur verið í nokkuð föstum skorðum það er að segja að hér er tefld skák á þriðjudögum. Lesnar Íslendingasögur, farið í gönguferðir, leshópur hittist, ljóðahópur mætir, haldin söngvaka og dansað af lífi og sál bæði gömlu dansarnir og dansar fyrir alla aldurshópa auk danskennslu. Qigong sem byrjaði fyrir rúmu ári hefur fest sig í sessi og fjölgar í hópnum sem það stunda. Nú í haust var í fyrsta sinn boðin Spjaldtölvukennsla sem hefur slegið í gegn. Um 90 manns er búin að koma á námskeið og fleiri eru framundan. Sumarferðirnar urðu fyrir áföllum sem voru margskonar. Tölvuvandi hjá FEB en lengi var vandi að senda út póst til félagsmanna og dregur það úr þátttöku. Einnig er verðalag á Íslandi komið úr böndunum fyrir okkur sem eigum þetta land. Rigninga sumar enn og aftur. Einnig þarf að panta með enn lengri fyrirvara vegna fjölgunar erlendra ferðamanna.

Þó söluferli íbúða í Fagrabergu væri lokið á árinu 2013 voru enn lausir endar og var t.d. síðasta íbúðin ekki greidd fyrr en á vormánuðum 2014. Áföll hjá verktaka leiddu til að illa gekk að fá allskonar lokafrágang frágengin. Eftirlitsmenn sem höfðu unnið fyrir FEB urðu því að taka til hendinni við að kortleggja hvað stæði útaf og gefa frest til að ljúka því. Þetta dróst en lauk loks 18. desember. Nú á þessu ári verður því væntanlega hægt að loka öllum reikningum gagnvart þessari byggingu. Engar skuldbindingar eru gagnvart FEB okkur vitanlega. En væntanlegur umsýslukostnaður til FEB verður þá gerður upp.

Borgarráð staðfesti í haust að lóðir fyrir 2 hús væru eyrnamerkt FEB. Málið er í vinnslu í borgarkerfinu og þarf síðan formlega staðfestingu þegar fyrir liggur hvaða kjör eru í boði. Leggja þarf áherslu á sveigjanleika í aldri fólks sem mun geta keypt.

Margar mjög fróðlegar ráðstefnur voru haldnar á árinu og hafa sumar þeirra haft áhrif til góðs. Þátttaka í verkefnum eins og um uppbyggingu Landsspítala gekk vel. Eldri borgarar eru stærsti notendahópurinn. Þessu máli þarf að fylgja eftir.

Við þökkum starfsfólki FEB fyrir vel unnin störf á liðnu ári en hér er oft glatt á hjalla í afgreiðslunni og við móttöku á félagsmönnum.

Stjórn FEB hefur verk að vinna og er sýnilegt og marktækt í umræðunni um málefni eldri borgara hverju sinni. Fjölgun t.d. á boðum inn á starfslokánámskeið segja mikið. Mun fleiri símtöl frá fjölmiðlum um ýmis mál er gott mál. Næstu áherslur munu snúa að hreyfingu, hollu matarræði og hugarleikfimi til að bæta góðu lífi við efri árin. Virðing og samfélagsábyrgð gagnvart eldri borgurum er líka verkefni sem við ein getum unnið til að bæta ímynd okkar sem byggjum þessa borg.

Framtíð og ímynd FEB er okkar æðsta markmið og að vinna að verkefnum sem bæta hag, virðingu og velferð eldra fólks

**Endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2014** ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Birna Bjarnadóttir, gjaldkeri, hafði framsögu um þennan dagskrárlíð en ársreikningi félagsins var dreift í fundargögnum. Gjaldkeri gerði grein fyrir áritun löggilts endurskoðanda ársreikningsins, félagskjörinna endurskoðanda og staðfestingu stjórnar með undirritun. Rekstrartekjur voru alls 69.668.587 kr. Í árslok námu eignir félagsins 50.833.379 kr. og skuldir námu 51.562.868 kr. Gjaldkeri vakti athygli á tekjufærslu síðasta árs að fjárhæð 3.893.219 vegna skrifstofukostnaðar sem félagið stóð straum af vegna byggingar Fagrabergrs. Þessi upphæð er nú 300.708. Ef þessi eins skiptis greiðsla hefði ekki verið færð af reikningum bygginganefndar árið 2013 hefði halli á rekstri félagsins það ár verið 1.210.670 kr en er nú kr 975.264 kr vegna ársins 2014. Langtímaskuld félagsins vegna Stangarhyls 4 stendur í 48.952.848 kr. Enn er unnið að lækkun þessarar skuldar með viðræðum við viðskiptabanka félagsins.

Gjaldkeri fjallaði um bága fjárhagsstöðu félagsins. Þá sé uppgjöri vegna byggingar Fagrabergrs að Hólabergi 84 ekki lokið. Reikningshaldi vegna byggingarnefndar FEB um byggingu íbúðanna, sé haldið aðskilið frá ársreikningi félagsins 2014 en það reikningshald sé á ábyrgð stjórnar FEB þar sem bygginganefnd hafi látið af störfum.

Gjaldkeri fór yfir viðhald á húsnæði félagsins sem unnið var að sumarið 2014. Að lokum færði gjaldkeri framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum þakkir fyrir störf í þágu félagsins. Þá þakkaði hann meðstjórnendum fyrir skilning á mikilvægi aðhalds í rekstri og góðrar afkomu félagsins.

#### **Umræður um skýrslur stjórnar og ársreikninga.**

Miklar umræður spunnust um skýrslu formanns og ársreikninga, Meðal þeirra sem tóku til máls undir þeim lið voru Unnur Halldórsdóttir, Sigurður Einarsson, Matthildur Guðmundsdóttir, Jón Jónsson. Miklar umræður urðu um brottvikningu fyrrum framkvæmdastjóra félagsins og fjárhagslega stöðu félagsins.

#### **Lagabreytingar.**

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

#### **Kosning stjórnarmanna skv. lögum.**

Þar sem ekki kom annað framboð fram til formanns en frá uppstillinganefnd þá er núverandi formaður Þórunn Sveinbjörnsdóttir sjálfkjörin

Í stjórn sitja nú auk Þórunnar þau Niels Árni, Birna Bjarnadóttir, Hrafn Magnússon, Ester Ú Friðbjófsdóttir sem er kosin voru síðast til tveggja ára.

Auk þess eru í stjórninni Ragnhildur Guðmundsdóttir og Brynjólfur I. Sigurðsson sem eru í áfram í framboði til stjórnar – Bryndís Hagan, sem lætur af störfum vegna árarreglu, Sighvatur Björgvinsson og Hrafnkell Ársælsson

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu uppstillinganefndar til stjórnar;

Brynjólfur I. Sigurðsson, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Erna Indriðadóttir, Viðar Þorsteinsson, Guðjón Skúlason og Margrét Jónsdóttir

Jafnframt bjóða eftirtaldir sig fram til setu í stjórn;

Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ellert B. Schram, Halldór Árnason og Reynir Vilhjálmsson

Gengið var til kosninga og áréttaði fundarstjóri að einungis skyldi merkja við fimm á kjörseðilinn og væri nöfnum raðað upp samkvæmt því sem fram kemur í lögum félagsins.

#### **Niðurstaða kosninga var þessi;**

Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B Schram, Erna Indriðadóttir voru kosin í aðalstjórn. Næstu sæti röðuðust þannig að Ragnhildur G. Guðmundsdóttir var valin í varastjórn og jöfn í næstu sætum voru Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Reynir Vilhjálmsson. Dregið um röð þeirra og upp kom nafn Reynis og er því röð varamanna þannig Ragnhildur, Reynir og Anna Þrúður.

### **Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara.**

Lögð var fram tillaga uppstillingarnefndar um þá Kristinn Zimsen og Ólaf Granz, sem skoðunarmenn ársreikninga, til vara Huldu Friðriksdóttur. Fleiri tillögur komu ekki fram. Tillögurnar voru samþykktar.

### **Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn.**

Ályktun um kjaramál. Tillögur kjaranefndar FEB og greinargerð um kjaramál 2014-2015

Á sl. starfsári, frá aðalfundi FEB í febrúar 2014 til aðalfundar í febrúar 2015, skipuðu þessi kjaranefnd félagsins: Björgvin Guðmundsson, formaður, Grétar Þorsteinsson, Guðrún Blöndal, Hinrik Bjarnason, Margrét K. Sigurðardóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Fyrsti fundur kjaranefndar félagsins á starfsárinu var haldinn 13. mars 2014. Á þeim fundi var gerð eftirfarandi ályktun:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni telur, að við ákvörðun um lífeyri aldraðra frá almannatryggingum eigi að miða við neyslukönnun Hagstofunnar. Samkvæmt henni eru meðaltalsútgjöld einhleypinga til neyslu 321 þús. kr. á mánuði. Engir skattar eru innifaldir í þeirri tölu. Lífeyrir einhleypa eldri borgara frá almannatryggingum er 187 þús. kr. á mánuði eftir skatt, hjá þeim, sem hafa einungis tekjur frá TR. mismunurinn er 134 þús. kr. á mánuði. Kjaranefndin telur að jafna eigi þennan mun í þremur áföngum, á þremur árum, þannig að lífeyrir hækki um tæplegs 45 þús. kr. í hverjum áfanga. Fyrsti áfangi gæti komið til framkvæmda um næstu áramót. Kjaranefndin skorar á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir því í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2015, að þessi fyrsta leiðrétting á lífeyri aldraðra ( hækkun um 45 þús. kr. á mánuði) komi til framkvæmda um næstu áramót.

Á fundi kjaranefndar 27. mars 2014 var eftirfarandi samþykkt:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík skorar á heilbrigðisráðherra að afturkalla hækkanir á komugjöldum í heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi um síðustu áramót. Einnig skorar nefndin á ráðherra að afturkalla hækkanir á ýmsum stoðtækjum og hjálpartækjum, sem nauðsynleg eru fyrir öryrkja og aldraða til þess að geta dvalist í heimahúsum í stað þess að fara á hjúkrunarheimili. Komugjöld á heilsugæslustöðum hækkuðu um 20% og komugjöld til sérfræðinga hækkuðu um 19%. Dregið var svo mikið úr niðurgreiðslum á stoðtækjum og hjálpartækjum, að verð á þeim hefur stórhækkað. Sjúklingar, sem þurfa á bleyjum að halda, verða nú að greiða 4-5000 kr. á mánuði fyrir þær en áður voru þær ókeypis. Kostnaður sjúklings af hjálpartæki vegna kæfisvefns hefur verið hækkaður um 77%. Með þessum hækkunum er ríkisstjórnin að taka að mestu til baka þær kjarabætur, sem hún hafði áður veitt öldruðum og öryrkjum.

Næsti fundur kjaranefndar var haldinn 18. apríl 2014. Þá var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík telur, að afnema eigi skerðingu tryggingabóta aldraðra hjá TR vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Kjaranefnd minnr á, að þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var gert ráð fyrir því, að þeir yrðu viðbót við almannatryggingar. Ekki var reiknað með því, að greiðslur úr lífeyrissjóðum mundu skerða lífeyri aldraðra frá almannatryggingum. Í dag er skerðingin svo mikil að óánægjan með hana ógnar lífeyrissjóðunum og almannatryggingum. Enda þótt ákvörðun um skerðingu tryggingabóta aldraðra hafi verið tekin af alþingi og stjórnvöldum láta margir lífeyrisþegar óánægju sína bitna á lífeyrissjóðunum. Einhleypur lífeyrisþegi, sem hefur 70 þús. kr. í lífeyri frá lífeyrissjóði á mánuði, sætir 63ja þús. kr. skerðingu á mánuði hjá Tryggingastofnun; ( miðað við greiðslur fyrir skatt); ígildi þess, að lífeyrir hans hjá lífeyrissjóði hafi verið skertur um 63 þús. kr. á mánuði. Sá, sem aldrei hefur borgað neitt í lífeyrissjóð fær svipaða upphæð greidda frá almannatryggingum og sjóðþeginn fær samanlagt úr lífeyrissjóði og almannatryggingum. Þetta er mikið ranglæti og þetta verður að leiðrétta. Kjaranefnd skorar á ríkisstjórn og alþingi að afnema þessar skerðingar. Ef það þykir of kostnaðarsamt að afnema skerðingarnar í einum áfanga má gera það í 2-3 áföngum.

Á fundi kjaranefndar 16. maí 2014 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík skorar á ríkisstjórnina að fella niður virðisaukaskatt á lyfjum. Verð á lyfjum er svo hátt, að margir eldri borgarar eiga erfitt með að leysa út lyf sín og sumir aldraðir hafa alls ekki efni á að kaupa lyf. Brýna nauðsyn ber til þess að lækka lyfjaverð. Afnáms virðisaukaskatts af lyfjum er besta leiðin til þess.

#### Greinargerð:

Virðisaukaskattur á lyfjum er 25,5% hér á landi. Það er hærra en í nokkru öðru Evrópulandi. Í Svíþjóð er enginn virðisaukaskattur á lyfjum og í Finnlandi er virðisaukaskattur á lyfjum 8%. Á hinum Norðurlöndunum er virðisaukaskattur á lyfjum nálægt því sem hér er. Í Bretlandi er enginn virðisaukaskattur á lyfjum, í Frakklandi er skatturinn 2,1%, í Sviss og Austurríki 2,5% og á Spáni 4%. Eldri borgarar nota mikið af lyfjum og því mundi það verða góð kjarabót fyrir aldraða, ef þeir gætu keypt lyfin án virðisaukaskatts. Ríkisvaldið þarf að stuðla að því, að eldri borgarar geti fengið lyf á viðráðanlegu verði. -Veltan á lyfjamarkaðnum á Íslandi nam 17,5 milljörðum kr. árið 2012. Af því voru aðeins 2,2 milljarðar samheitalyf. Sala á lyfjum til sjúkrahúsa nam þetta ár 6,2 milljörðum kr. Lyfsalan á Íslandi er að mestu í höndum tveggja samsteypa, þ.e. Lyf og heilsu og Lyfja. Þessar tvær samsteypur eða keðjur hafa í sínum höndum 80-85 % af lyfjamarkaðnum. Það ríkir fákeppni á lyfjamarkaðnum hér. Lyf voru til skamms tíma miklu dýrari hér en á hinum Norðurlöndunum. Verðið hefur eitthvað jafnast en þó eru samheitalyf enn miklu dýrari hér en í grannlöndum okkar. Í Noregi eru samheitalyf 85% ódýrari en frumlyf en á Íslandi eru samheitalyfin aðeins 5-10% ódýrari en frumlyfin. Auk þess koma samheitalyf miklu fyrr á markaðinn í grannlöndum okkar en hér gerist. Álagning á lyf er miklu hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Það á við bæði heilðsölu- og smásölulagningu.

Ríkisendurskoðun telur, að íslenskir neytendur hafi takmarkaðri aðgang að ódýrum lyfjum en neytendur annars staðar á Norðurlöndum vegna þess hve lítil íslenskur lyfjamarkaður er samanborið við nágrannalöndin. Af þeim sökum sé mun minna framboð af lyfjum hér en þar, einkum af samheitalyfjum. Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneytið til að leita leiða til fá aðgang að stærrum lyfjamörkuðum og til að bæta aðgengi að ódýrum samheitalyfjum. Ríkisendurskoðun beinir því einnig til velferðarráðuneytisins að leita leiða til þess að fjölga lyfjum á markaði.

Mun færri lyf eru skráð hér en í nágrannalöndum okkar. Árið 2011 voru 3300 lyfjavörunúmer skráð til sölu hér en á sama tíma voru þau 8000 í Noregi, 9000 í Danmörku og 10700 í Svíþjóð. Mun færri samheitalyf eru skráð hér en á hinum Norðurlöndunum. Kemur það sér illa fyrir íslenska neytendur, þar eð samheitalyfin eru mun ódýrari en frumlyfin.

Fyrir nokkrum árum ákváðu Sjúkratryggingar að niðurgreiða aðeins ódýrasta lyfið í hverjum lyfjaflokki. Hefur þetta í vissum tilvikum leitt til þess að dýrari lyfin hafa horfið af markaðnum.

Greiðslupátttökakerfi lyfja, sem tekið var upp fyrir rúmu ári, hefur ekki reynst gallalaust. Hætt var niðurgreiðslu á vissum lyfjum. Það hefur bitnað illa á þeim, sem urðu fyrir því. Með því að nú er ár liðið frá því kerfið var tekið upp þurfa lyfjakaupendur á ný að sæta biðtíma áður en þeir njóta niðurgreiðslu á lyfjunum. Lyfin eru því á ný á hærra verði. Þetta kemur illa við þá, sem hafa litlar tekjur og eiga erfitt með að snara út stórum upphæðum. Nauðsynlegt er að gerðar verði betri ráðstafanir til þess að koma til móts við lágtekjufólk meðal aldraðra og annarra í þessu nýja greiðslupátttökakerfi.

Á fundi kjaranefndar 19. júní var eftirfarandi ályktun gerð:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík bendir á, að ríkisstjórnin er aðeins búin að framkvæma lítinn hluta þeirra kosningaloforða, sem öldruðum og öryrkjum voru gefin fyrir síðustu alþingiskosningar. Eftir er að framkvæma stærsta kosningaloforðið við lífeyrisþega, þ.e. að leiðrétta kjaragliðnun krepputímans en það kostar 17 milljarða að framkvæma það loforð og er þá ekkert reiknað til baka. Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja vegna laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá 1. júlí 2009 kostaði lífeyrisþega aðra 17 milljarða á tímabilinu 2009-2013. Aldraðir og öryrkjar hafa aðeins fengið brot af þeirri kjaraskerðingu til baka eða 4,4 milljarða. Lífeyrisþegar eiga því eftir að fá 12,6 milljarða af þeirri kjaraskerðingu. Alls eiga því lífeyrisþegar eftir að fá tæpa 30 milljarða í bætur. Kjaranefndin krefst þess að aldraðir og öryrkjar fái þessar bætur strax. Lífeyrisþegar geta ekki beðið.

#### Greinargerð:

Á flokksþingi Framsóknarflokksins 2013 var eftirfarandi samþykkt: "Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja, sem tók gildi 1. júlí 2009, verði afturkölluð. Lífeyrir aldraðra og öryrkja verði hækkaður vegna kjaraskerðingar þeirra (og kjaragliðnunar) á krepputímanum". Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2013 var eftirfarandi samþykkt: "Sú kjaraskerðing, sem eldri borgarar og öryrkjar verða fyrir 1. júlí 2009 verði tafarlaust afturkölluð". Einnig var samþykkt á landsfundinum, að leiðrétta ætti kjaragliðnun krepputímans. Í bréfi, sem Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins sendi kjósendum 2013 segir svo m.a.: "Við ætlum að afnema tekjutengingu ellilífeyris."

Af þessum tilvitnunum er ljóst, að stjórnarflokkarnir lofuðu því fyrir kosningar af afturkalla ALLA kjaraskerðinguna frá 2009. Og þeir hétu því einnig að leiðrétta kjaragliðnun krepputímans. Fyrirheit Bjarna Benediktssonar um að afnema eigi tekjutengingu ellilífeyris þýðir það, að afnema á skerðingu tryggingabóta vegna greiðslna úr lífeyrissjóði og allar skerðingar lífeyris vegna annarra tekna.

17. júlí 2014 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Ríkisstjórnin hefur hækkað svo mikið komugjöld í heilbrigðiskerfinu og dregið svo mjög úr niðurgreiðslum á nauðsynlegum hjálpertækjum aldraðra, að þær takmörkuðu kjarabætur, sem aldraðir og öryrkjar fengu um sl. áramót hafa verið teknar til baka. Dregið hefur verið stórlega úr niðurgreiðslum á öryggishnöppum með þeim afleiðingum að leiga fyrir afnot af þessum nauðsynlegu öryggistækjum eldri borgara hefur hækkað um 89%. Allar þessar hækkanir eru sem hnefahögg í andlit aldraðra og öryrkja.

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík ítrekar áskorun sína á heilbrigðisráðherra um að afturkalla hækkanir á komugjöldum í heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi um síðustu áramót svo og áskorun á ráðherra um að afturkalla hækkanir á ýmsum stoðtækjum og hjálpertækjum, sem nauðsynleg eru fyrir aldraða til þess að geta dvalist í heimahúsum í stað þess að fara á hjúkrunarheimili. Komugjöld á heilsugæslustöðum hækkuðu um 20% sl. um sl. áramót og komugjöld til sérfræðinga hækkuðu um 19%. Dregið var svo mikið úr niðurgreiðslum á stoðtækjum og hjálpertækjum, að verð á þeim hefur stórhækkað. Sjúklingar, sem þurfa á bleyjum að halda, þurfa nú að greiða 4 - 5000 kr. á mánuði fyrir þær en áður voru þær ókeypis. Kostnaður sjúklings af hjálpertæki vegna kæfisvefns hefur verið hækkaður um 77%. Kjaranefnd skorar á heilbrigðisráðherra að draga til baka lækkun á niðurgreiðslu á öryggishnöppum.

Kjaranefndin samþykkti 21. ágúst eftirfarandi ályktun:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík skorar á heilbrigðisráðherra og Sjúkratryggingar Íslands að ganga til samninga við tannlækna um afslátt á tannviðgerðum fyrir eldri borgara. Slíkur samningur hefur ekki verið í gildi síðan árið 2002. Í staðinn hefur velferðarráðuneytið gefið einhliða út gjaldskrá fyrir tannviðgerðir. Sú gjaldskrá nemur aðeins tæplega 40% af meðaltalsgjaldskrá tannlækna. Ei að síður hefur afsláttur á tannviðgerðum eldri borgara verið reiknaður á grundvelli gjaldskrár ráðuneytisins. Hefur það haft í för með sér mikla kjaraskerðingu fyrir eldri borgara. Kjaranefndin óskar þess að þetta verði strax leiðrétt.

Margir eldri borgarar þurfa á heyrnartækjum að halda. Verð á þeim er óheyrilega hátt eða kr. 150-500 þúsund. Niðurgreiðsla Sjúkratrygginga á þessum tækjum er mjög lág og hefur verið óbreytt síðan 2006, kr.30.800. Segir það lítið við kaup á þessum dýru tækjum. Er nauðsynlegt að niðurgreiðsla Sjúkratrygginga á þessum tækjum verði strax stóraukin. Skorar kjaranefndin á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir aukningu á þessari niðurgreiðslu strax.

Á fundi nefndarinnar 12. september var þessi tillaga samþykkt

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík skorar á ríkisstjórnina að leiðrétta kjaragliðnun aldraðra og öryrkja í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2015. Hækka þarf lífeyri frá almannatryggingum um a.m.k. 20% vegna umræddrar leiðréttingar. Báðir stjórnarflokkarnir lofuðu því ákveðið fyrir þingkosningarnar 2013 að leiðrétta kjaragliðnunina, sem aldraðir og öryrkjar urðu fyrir á krepputímanum. Við þessi kosningaloforð verða stjórnarflokkarnir að standa.

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík varar við ráðagerðum ríkisstjórnarinnar um breytingar á heilbrigðisþjónustunni, sem geta stóraukið útgjöld eldri borgara, öryrkja og lágtekjufólks í heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðisráðherra hefur boðað frumvarp um eitt niðurgreiðslu- og afsláttarkerfi við kaup á heilbrigðisþjónustu (lyf innifalin). Í frumvarpinu verður lagt til, að fella lækni-, lyfja-, rannsóknar-, sjúkraþjálfunarkostnað og annan kostnað við heilbrigðisþjónustu undir eitt niðurgreiðslu og afsláttarfyrirkomulag. Sett verði þak á þátttöku einstaklinga í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, hvort sem kostnaður fellur til utan eða innan heilbrigðisstofnana og hver sem þörf hans er fyrir heilbrigðisþjónustu. Rætt hefur verið um, að umrætt þak verði 120 þús. kr. Ef meiningin er, að kaupendur heilbrigðisþjónustu verði að greiða allan heilbrigðiskostnað utan eða innan heilbrigðisstofnana þar til umræddu þaki er náð, mundi það verða öldruðum, öryrkjum og lágtekjufólki um megn. Almennigur yrði þá að greiða fyrir sjúkrahúsvist þar til 120 þús. markinu væri náð. Það gæti leitt til þess, að hinir efnaminni yrðu að neita sér um sjúkrahúsvist. Kjaranefndin mótmælir harðlega öllum sjúkrahúspjónustu, ráðagerðum í þessa átt og krefst þess, að almenningur eigi áfram kost á gjaldfrjálsri sjúkrahúspjónustu.

Greinargerð:

Með kjaragliðnun aldraðra og öryrkja er átt við það, að lífeyrir þeirra hækkar minna en lægstu laun. Það gerðist á kreppuárunum eftir bankahrunið..

9. október varaði kjaranefndin á ný við ráðagerðum ríkisstjórnarinnar um breytingar á heilbrigðisþjónustunni, sem gætu stóraukið útgjöld eldri borgara, öryrkja og lágtekjufólks í heilbrigðiskerfinu.

Hinn 23. október var þessi ályktun samþykkt:

Samkvæmt stjórnarskránni eiga allir að vera jafnir fyrir lögnum og allir eiga að njóta mannréttinda. Í lögum um málefni aldraðra segir, að aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins. Mikill misbrestur hefur verið á því, að þessum lagaákvæðum hafi verið framfylgt. Rannsóknir leiða í ljós, að biðtími aldraðra eftir meðferð á sjúkrahöfnum er lengri en þeirra sem yngri eru. Í launa- og kjaramálum hafa eldri borgarar sætt annarri meðferð en aðrir launþegar. Kjörum eldri borgara hefur verið haldið niðri og þau skert á sama tíma og láglaunafólk hefur fengið kjarabætur. Embættismenn og alþingismenn hafa fengið leiðréttingu á kjörum sínum afturvirkir á sama tíma og kjör aldraðra hafa verið fryst. Eldri borgurum hefur því verið mismunað freklega. Mannréttindi hafa ítrekað verið brotin á þeim. Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja, sem tók gildi árið 2009, var brot á mannréttindum og hið sama er að segja um kjaragliðnun krepputímans. Kjaranefnd skorar á ríkisstjórnina að leiðrétta strax lífeyri aldraðra vegna kjaragliðunar sl. 5 ár, þar eð um mannréttindabrot er að ræða og stjórnarflokkarnir báðir lofuðu því fyrir kosningar að framkvæma þessa leiðréttingu strax, ef þeir kæmst til valda.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt í kjaranefnd 11. desember:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík mótmælir harðlega 1900 milljón króna nýjum gjöldum og sköttum (sjúklingaskatti), sem ríkisstjórnin leggur á sjúklinga í heilbrigðiskerfinu á ári. Þessi skattlagning mun koma þungt niður á eldri borgurum og valda því, að þeir tekjulægstu munu ekki hafa efni á því að leita sér lækni- eða sjúkrahúshjálpar. Kjaranefndin skorar á ríkisstjórnina að falla frá hækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 7 í 11%. Sú skattlagning mun koma þyngst niður á þeim tekjulægstu. Það er skoðun kjaranefndarinnar, að með því að fjárhagur ríkissjóðs hefur batnað og nokkur afgangur er á fjárlagafrumvarpi næsta árs, eigi ekki að auka skattlagningu á þá, sem minnst hafa tekurnar.

Kjaranefndin mótmælir harðlega tillögu fjárlaganefndar um að minnka hækkun tryggingabóta aldraðra og öryrkja um áramót úr 3,5% í 3% á þeim forsendum að dregið hafi úr verðbólgunni. Stjórnvöld tóku ekkert tillit til verðlagsforsendna þegar bætur voru frystar á krepputímanum og ekkert hefur enn verið leiðrétt vegna kjaragliðunar þess tímabils. Það er því fáheyrt, að aðgerðir stjórnvalda byrji á því að draga úr hækkunum lífeyris til bótáþega í stað þess að leiðrétta kjaragliðnunina eins og báðir stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir kosningar. Kjaranefndin skorar á alþingi að vísa umræddri tillögu fjárlaganefndar frá.

Á sama fundi var þessi ályktun gerð:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík skorar á Reykjavíkurborg að lækka gjöld fyrir þjónustu, sem borgin veitir eldri borgurum. Talsverð hækkun hefur orðið á þessum gjöldum síðustu tvö árin. Þessar gjaldskrárhækkunar koma mjög illa við eldri borgara. Enda þótt ekki hafi verið um mjög miklar hækkunir að ræða er hækkunin mjög tilfinnanleg fyrir láglaunafólk meðal aldraðra. Gjald fyrir félagslega heimaþjónustu er hóflegt og þeir ellilífeyrisþegar, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum, geta fengið lækkun á gjaldi fyrir heimaþjónustu. Einungis þarf að greiða fyrir þríf og þvotta en önnur félagsleg heimaþjónustu er gjaldfrjáls. Heimahjúkrun er einnig gjaldfrjáls. Þar er um mjög mikilvæga þjónustu að ræða og allir eldri borgarar, sem þurfa á heimahjúkrun að halda, geta notið hennar án tillits til efnahags.

Kjaranefnd skorar á Reykjavíkurborg að gera átak í byggingu hjúkrunarheimila. Biðlisti eftir rými á þessum heimilum er mjög langur í dag, að lágmarki 4 mánuðir en getur í vissum tilvikum orðið miklu lengri. 300 eru nú á biðlista eftir hjúkrunarheimilum í Reykjavík. Það vantar nokkur ný hjúkrunarheimili á Stór-Reykjavíkursvæðinu en auk þess á eftir að breyta fjölbýlisherbergjum margra eldri hjúkrunarheimila í einbýli til þess að uppfylla það stefnumið stjórnvalda, að allir eldri borgarar, sem þurfa á hjúkrunarrými að halda, geti verið í einbýli. Jafnframt því, sem byggð verða fleiri hjúkrunarheimili, þarf að efla heimahjúkrun til þess að eldri borgarar geti verið sem lengst í heimahúsum, á meðan heilsa leyfir. Kjaranefndin fagnar viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins um að fjölga hjúkrunarrýmum á tímabilinu fram til 2020.

Reykjavíkurborg leitar nú eftir því að verða tilnefnd aldursvæn borg hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, WHO. Með hliðsjón af því stefnumáli borgarinnar þarf borgin að bæta kjör og aðstöðu eldri borgara. Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017 segir, að borgin vilji stuðla að fjölbreyttu framboði af námskeiðum og afþreyingu fyrir eldri borgara. En það er ekki nóg fyrir borgina að lýsa því yfir. Hún verður einnig að tryggja að þessi þjónusta sé á viðráðanlegu verði fyrir eldri borgara.

Fundur kjaranefndar 22.janúar 2015 samþykkti þessa ályktun:

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík mótmælir því harðlega að ríkisstjórnin skyldi lækka hækkun lífeyris aldraðra frá TR úr 3,5% í 3% um síðustu áramót. Hér er um að ræða hækkun bóta vegna verðlagsbreytinga. Með hliðsjón af því að stjórnarflokkarnir skulda lífeyrisþegum leiðréttingu á lífeyri almannatrygginga vegna kjaragliðnunar á krepputímanum og með því að nokkur atriði kjaraskerðingar frá 2009 eru óuppgerð lýsir það mjög neikvæðri afstöðu stjórnvalda til lífeyrisþega að skera lífeyrinn niður um hálf prósentsstig frá því, sem lagt var til í fjárlagafrumvarpinu. Eðlilegt hefði verið að ríkisstjórnin hækkaði lífeyri aldraðra og öryrkja verulega um síðustu áramót til þess að hefja leiðréttingu lífeyris.

### **Björgvin Guðmundsson formaður kjaranefndar FEB gerði grein fyrir þróun kjaramála;**

Kjaranefnd hefur lagt fram hér á fundinum tillögur að ályktunum um kjaramál. Tillögurnar liggja frammi og því er óþarfi að ég lesi þær allar upp. En ég ætla að fara nokkrum orðum um þær og mun lesa 2-3 þeirra.

Fyrsta tillagan fjallar um hin stóru loforð í kjaramálum sem stjórnarflokkarnir gáfu öldruðum og öryrkjum fyrir þingkosningarnar 2013. Þessi loforð hafa ekki verið uppfyllt nema að litlu leyti. Það er t.d alveg eftir að uppfylla loforðið um að leiðrétta lífeyri vegna kjaragliðnunar krepputímans. Sú leiðrétting þýðir að hækka verður lífeyri um 20%. Það mundi þýða 45 þús.kr hækkun á mánuði. Það munar um það fyrir aldraða og öryrkja.

Fyrsta tillagan er á þessa leið:

Í tillögu nr. 2 er fjallað um mikið baráttumál eldri borgara, þ.e að hætt verði að skerða lífeyri frá almannatryggingum vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Þetta er eitt mesta baráttumál eldri borgara í dag. Tillagan hljóðar svo:

Tillaga nr 3 fjallar um að leggja eigi neyslukönnun Hagstofunnar til grundvallar, þegar lífeyrir aldraðra er ákveðinn hjá TR. Tillagan hljóðar svo:

Tillaga nr. 4 er um að afnema eigi virðisaukaskatt á lyfjum. Skatturinn er 24% á Íslandi í dag og er sá hæsti í allri Evrópu. Í nokkrum löndum er enginn virðisaukaskattur á lyfjum en í öðrum er hann mjög lágur. Það yrði mikil kjarabót fyrir aldraða, ef vsk væri felldur niður, þar eð eldri borgarar nota mikil lyf.

Tillaga nr. 5 fjallar um komugjöld í heilbrigðisþjónustunni. Þau hafa verið stórhækkuð. Alls nam hækkun allra sjúklingagjalda í heilbrigðisþjónustunni 1900 millj.kr.sl ár. Aðalfundurinn skorar á heilbrigðisráðherra að afturkalla allar þessar hækkningar. Í tillögu nr.6 er fjallað um þær ráðagerðir ríkisstjórnarinnar að láta sjúklinga borga fyrir sjúkrahúsvist og aðra heilbrigðisþjónustu upp að 120 þús.kr. En síðan yrði þjónustan gjaldfrjáls. Lagt er til að aðalfundurinn mótmæli öllum slíkum ráðagerðum enda yrði það lágláunafólki meðal aldraðra og öðru lágláunafólki um megn.

Í tillögu nr. 7 er fjallað um mannréttindamál. Þar segir að allir eigi að vera jafnir fyrir lögnum og aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins. Mikill misbrestur hafi verið á því að þessum lagaákvæðum hafi verið framfylgt.

Í tillögu 8 er skorað á Reykjavíkurborg að lækka gjöld fyrir ýmsa þjónustu, sem veitt er eldri borgurum. Þessi þjónusta hefur verið hækkuð í verði undanfarin ár.

Í tillögu nr.9 mótmælir fundurinn því harðlega að boðuð hækkun lífeyris aldraðra og öryrkja um 3,5% frá síðustu áramótum skyldi lækkuð í 3%. Með því að ríkisstjórnin á eftir að uppfylla mörg af kosningaloforðunum við lífeyrisþega hefði ríkisstjórnin átt að láta boðaða hækkun standa.

Margir tóku til máls og þökkuðu Björgvini og kjaranefnd störf á þessu sviði.

### **Tillagan var samþykkt samhljóða.**

**Tillaga kom fram um endurráðningu Sigurðar Einarssonar sem framkvæmdastjóra félagsins sem ekki náði fram að ganga.**

### **Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna 2015.**

Birna Bjarnadóttir gjaldkeri mælti fyrir tillögu stjórnar um að árgjald félagsmanna 2015 yrði hækkað líttilega eða í kr 3.800 kr. Árgjöld hafi verið óbreytt í 4 ár.



Tillaga kom úr sal um að árgjald yrði hækkað í 4.000 kr og önnur tillaga kom einnig fram um að innheimt yrði valkvæmt 1.000 kr gjald sem eingöngu færi í greiðslu vegna afborgana á húseign félagsins. Báðar þessar tillögur voru samþykktar.

#### **Önnur mál.**

Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður þakkaði Bryndísi Torfadóttur, Níels Árna Lund og Sighvati Björgvinssyni, sem nú hverfa úr stjórn m.a. vegna ákvæða um hámarkssetutíma stjórnarmanna, fyrir mikilvægt starf í þágu félagsins og afhenti þeim blómvönd. Öll tóku þau til máls og þökkuðu samstarfið og þá ánægju sem þau hefðu haft af því. Jafnframt hvöttu þau nýja stjórnarmenn til dáða fyrir félagið.

**Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 20.10.**

Fundarritari